

27. febrúar 1990

17

Nr. 13

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 27. febrúar 1990.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

1. mars 1990

Nr. 14

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 1. mars 1990 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

57. grein orðist svo:

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kándídatþprófi eða embættisþprófi. Háskóladeild er heimilt að skipuleggja doktorsnám í einstökum kennslugreinum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þessari um nám í viðkomandi deild. Doktorsnámi lýkur með doktorsþprófi.

2. gr.

58. gr. orðist svo:

Doktorsþpróf er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, munnlegri vörn, og enn fremur geta einstakar deildir með samþykki háskólaráðs skilið til, að doktorsefni flytji fyrirlestur um fræðileg efni, einn eða fleiri. Til doktorsritgerðar eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og frumlegt framlag doktorsefnisins til viðkomandi vísindagreinar. Ritgerðin skal dæmd og varin samkvæmt reglum háskólans um doktorsritgerðir og doktorsvörn.

Umsókn um að þreyta doktorsþpróf skal stíluð til viðkomandi deildar.

Nú leggur sá, er æskir að taka doktorsþpróf, fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama megin rannsóknarsvið og mynda nokkra heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsritgerð, þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða og settar fram heildarályktanir.

A 2